

ÚRSKURÐUR
ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 5/2018

Kæra Arion banka hf. á ákvörðun Neytendastofu frá 25. júlí 2018.

1. Þann 18. janúar 2018 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 5/2018: Kæra Arion banka hf. á ákvörðun Neytendastofu frá 25. júlí 2018. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Eiríkur Haukur Hauksson og Gunnar Páll Baldvinsson.
2. Með kæru, dags. 14. ágúst 2018, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að kærandi hafi brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán með því að byggja vaxtaendurskoðun neytendaláns á samningsskilmálum sem tilgreina ekki við hvaða aðstæður vextir breytist. Þá var kæranda bannað að nota vaxtaendurskoðunarákvæðið með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994.
3. Málið varðar beitingu laga nr. 121/1994 sem nú eru úr gildi fallin. Kæruheimild var að finna í 2. mgr. 25. gr. laganna sbr. 3. mgr. 29. gr. núgildandi laga nr. 33/2013 um neytendalán, sbr. einnig 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu.

MÁLAVEXTIR

4. Mál þetta hófst með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 8. maí 2018. Í bréfinu er vísað til þess að í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 um vaxtaendurskoðunarákvæði neytendalána Íslandsbanka hf., þar sem ákvörðun Neytendastofu nr. 44/2014 og úrskurður áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 20/2014 hafi verið staðfest, hafi Neytendastofu borist ábending vegna skilmála veðskuldabréfs kæranda. Fyrri skuldareigandi sé Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf. Með ábendingunni hafi fylgt afrit af veðskuldabréfum, sem gefin hafi verið út árið 2011, ásamt tilkynningu frá kæranda, dags. 29. febrúar 2016, um nýtingu heimildar í bréfunum til hækkunar vaxta. Ákvæði 3. gr. skilmála bréfanna séu öll samhljóða og séu þau svohljóðandi:
5. „3. Að liðnum fimm árum frá útgáfudegi er skuldareiganda heimilt að endurskoða vexti á skuldinni og ákveða vaxtakjör, sem miðast við sambærilegar lánveitingar skuldareiganda á þeim tíma. Eigi síðar en 30 dögum fyrir fyrsta gjalddaga eftir breytingu á vöxtum skal skuldareigandi tilkynna skuldara um breytingu á vöxtum. Vilji skuldari ekki sæta breytingu vaxtakjara er honum heimilt á framangreindum gjalddaga að greiða skuldina upp ásamt áföllnum vöxtum eins og þeir voru fram að breytingunni, verðbótum og öðrum kostnaði.“

6. Af þessu tilefni vilji Neytendastofa vekja athygli kæranda á ákvæðum 6. og 9. gr. þágildandi laga nr. 121/1994 um neytendalán. Í 6. gr. séu taldar upp þær upplýsingar sem lánveitanda beri að veita neytanda við gerð lánsammans. Þar séu m.a. tilteknir vextir í 3. tölulið. Þá sé í 9. gr. um það fjallað að aðilum lánsammans sé, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., heimilt að semja um breytilega vexti að uppfylltum þeim skilyrðum að tilgreint sé hverjir vextir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður vextirnir breytist.
7. Neytendastofa telji tilefni til að taka til skoðunar hvort skilmálar bréfanna uppfylli skilyrði 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um það hvort fullnægjandi upplýsingar séu veittar um það við hvaða aðstæður og með hvaða hætti vextir sammansins geti breyst. Stofnunin óski því skýringa eða athugasemda kæranda.
8. Svar barst með bréfi, dags. 31. maí 2018, þar sem segir að vegna erindisins vilji kærandi koma því á framfæri að umrætt skuldabréf hafi verið gefið út í kjölfar endurútreiknings eldra láns, og gert á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða X. laga nr. 151/2010 um breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í kjölfar þess að endurútreikningur lánsins hafi legið fyrir hafi skuldari kosið að vextir af láninu skyldu næstu fimm árin miðast við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákveði og birti skv. 10. gr. laganna. Þetta val hafi hann staðfest með útgáfu veðskuldabréfsins, sem fylgt hafi erindi. Í fyrrgreindu lagaákvæði sé svo sérstaklega tiltekið að eftir fimm ár skyldu vaxtakjör endurskoðuð og væri þá lánveitanda heimilt að ákveða vaxtakjör sem miðist við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma er til endurskoðunar kæmi. Á grundvelli fyrrgreinds lagaákvæðis hafi kæranda því verið heimilt, fimm árum eftir útgáfu veðskuldabréfsins, eða í byrjun árs 2016 að endurskoða vaxtakjör og bjóða viðkomandi skuldara kjör sem væru sambærileg við lánveitingar bankans á þeim tíma.
9. Sú vaxtabreyting sem tilkynnt hafi verið með bréfi til skuldara, dags. 29. febrúar 2016, þar sem fram hafi komið að frá og með 20. mars 2016 myndi skuldabréfið bera breytilega verðtryggða vexti Íbúðalána II sem voru 4,75%, eigi sér lagastoð og sé gerð á grundvelli framangreinds ákvæðis í lögum nr. 38/2001. Ekki sé um að ræða aðra vaxtabreytingu á umræddu skuldabréfi. Bankinn hafi því ekki nýtt sér heimild til þess að breyta vöxtum á grundvelli þess að skuldabréfið beri nú breytilega vexti Íbúðalána II.
10. Í bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 18. júní 2018, kemur fram að Neytendastofa telji rétt að taka fram að þrátt fyrir að tilefni lánsammansins og efnisregla um vexti og verðtryggingu hans komi fram í ákvæðum laga nr. 38/2001 eigi ákvæði þágildandi laga um neytendalán eftir sem áður við um upplýsingaskyldu lánveitanda við gerð sammans. Telji kærandi þörf á að koma að frekari skýringum eða athugasemdum skuli þær berast stofnuninni innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins. Berist þær ekki telji Neytendastofa gagnaöflun málsins lokið og muni stofnunin taka ákvörðun á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Ekkert svar barst fá kæranda.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

11. Í hinni kærðu ákvörðun eru málavextir raktir í samræmi við það sem hér greinir að framan auk viðeigandi lagaákvæða. Rakið er að 6. gr. laga nr. 121/1994, sem voru í gildi þegar umræddur lánsamningur var gerður, fjalli um þær upplýsingar sem lánveitanda beri að gefa neytanda við gerð lánsamnings. Í 1. mgr. ákvæðisins, sem sé í níu töluliðum, séu taldar upp þær upplýsingar sem lánveitanda beri að veita neytanda við gerð lánsamnings. Þar séu m.a. tilteknir vextir í 3. tölulið. Í 2. mgr. 6. gr. segi eftirfarandi:
12. „Ef breyta má lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum skal lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geta orðið. Ef ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skal lánveitandi þess í stað skýra neytanda frá því hverjir vextir eru, hvaða gjöld falla á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið.“
13. Ákvæði 9. gr. laganna sé svohljóðandi: „Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.“
14. Í ákvörðuninni er bent á að samkvæmt ákvæðinu sé aðilum lánsamnings, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., heimilt að semja um breytilega vexti að uppfylltum þeim skilyrðum að tilgreint sé hverjir vextir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður vextirnir breytist. Bent er á að í haus hins umdeilda skuldabréfs komi fram að um sé að ræða lán með breytilegum vöxtum auk þess sem tekið er fram að bréfið beri endurskoðunarákvæði vaxta. Þá komi í bréfinu fram með skýrum hætti að vextir séu 4,70%. Um vexti segi í skilmálum samningsins:
15. „Í vexti af höfuðstól skuldar þessarar eins og hann er á hverjum tíma, ber skuldara að greiða breytilega almenna vexti verðtryggðra útlána samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands skv. 10. gr. laga nr. 38/2001. Vexti ber að greiða eftir á, á sama tíma og afborganir, sbr. þó 5. tl. hér á eftir. Vextir reiknast frá útgáfudegi bréfsins, nema annað sé tilgreint. Sé um sérstaka vaxtagjalddaga að ræða, skal greiða vexti á vaxtagjalddögum samkvæmt ofanskráðu til gjalddaga fyrstu afborgunar, en frá þeim tíma greiðast vextir á sömu gjalddögum og afborganir. Vextir eru svo reiknaðir af eftirstöðvum upphaflegs höfuðstóls en að auki ber skuldara að greiða sem svarar til hlutfallslegrar hækkunar vaxtanna miðað við þá breytingu sem orðið hefur á vísitölu neysliverðs frá grunnvísitölu bréfsins til gildandi vísitölu á hverjum gjalddaga.“
16. Þá segi jafnframt: „Að liðnum fimm árum frá útgáfudegi er skuldareiganda heimilt að endurskoða vexti á skuldinni og ákveða vaxtakjör, sem miðast við sambærilegar lánveitingar skuldareiganda á þeim tíma. Eigi síðar en 30 dögum fyrir fyrsta gjalddaga eftir breytingu á vöxtum skal skuldareigandi tilkynna skuldara um breytingu á vöxtum. Vilji skuldari ekki sæta

breytingu vaxtakjara er honum heimilt á framangreindum gjalddaga að greiða skuldina upp ásamt áföllnum vöxtum eins og þeir voru fram að breytingunni, verðbótum og öllum kostnaði.“

17. Í hinni kærðu ákvörðun er síðan tekið fram að samkvæmt framangreindu séu veittar skýrar upplýsingar í lánessamningnum um þá vexti sem í gildi voru við gerð hans auk þess sem skýrlega komi fram að vextir séu breytilegir og taki mið af vaxtaákvörðunum Seðlabanka Íslands. Þá sé þess getið að skuldareiganda sé heimilt að gera breytingu á vöxtum að fimm árum liðnum með því að færa vexti til samræmis við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma.
18. Lánveitandi skuli, samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994, við gerð lánessamnings gefa neytanda upplýsingar um vexti samningsins. Ákvæðið komi þó ekki í veg fyrir að samið sé um að vextir séu breytilegir og skuli í þeim tilvikum gæta að skilyrðum 9. gr. laganna og veita upplýsingar um vexti eins og þeir séu þegar upplýsingarnar eru veittar en auk þess skuli tilgreina með hvaða hætti vextirnir séu breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytist. Í lögskýringargögnum með ákvæði 9. gr. laga nr. 121/1994 sé því ekki lýst hvað geti talist aðstæður sem leiði til breytinga og skylt sé að skýra neytendum frá. Þá sé ekki fjallað um hversu ítarlega greina skuli frá þeim aðstæðum sem ráðið geti vaxtabreytingum.
19. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 623/2016 komi fram að áskilnaði laganna að þessu leyti sé „ekki fullnægt með því að taka aðeins fram að lánveitandinn gæti einhliða ákveðið að breyta hæð vaxta, að það mætti ekki gera fyrr en fimm árum eftir útgáfu skuldabréfsins og síðan aftur á fimm ára fresti og að honum bæri að tilkynna lántaka um slíka breytingu með eins mánaðar fyrirvara, enda sneru þau ákvæði í skuldabréfinu að aðferð til að hrinda í framkvæmd breytingu á vöxtum, en ekki tilefninu til að taka ákvörðun um hana. Um slíkt tilefni var þar ekkert sagt. Þegar af þessum sökum uppfylltu skilmálar skuldabréfsins ekki það skilyrði 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 að þar yrði að tilgreina við hvaða aðstæður breyta mætti vöxtum af skuld áfrýjandans“.
20. Ólíkt þeim samningi sem til álita hafi verið í umræddum dómi Hæstaréttar sé í skilmálum þeim sem hér séu til skoðunar vísað til sambærilegra lánveitinga skuldareiganda á þeim tíma sem vaxtaendurskoðun fer fram. Séu þeir skilmálar í samræmi við skilmála sem til álita hafi komið í ákvörðun Neytendastofu nr. 6/2009 og úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 9/2009 þar sem skilmálinn hafi ekki verið talinn uppfylla kröfu 9. gr. laga nr. 121/1994 um að tilgreina við hvaða aðstæður vextir geti breyst.
21. Í svörum kæranda hafi verið til þess vísað að heimild til vaxtaendurskoðunar, á grundvelli sambærilegra lána skuldareiganda á þeim tíma sem endurskoðunin fari fram, byggji á heimild í bráðabirgðaákvæði X. laga nr. 38/2001. Ákvæðið eigi við öll húsnæðislán til neytenda þar sem endurgreiðsla miðist að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla. Eðli málsins samkvæmt sé það á ábyrgð lánveitanda að lánessamningur sem gerður sé á grundvelli framangreinds bráðabirgðaákvæðis uppfylli skilyrði þeirra laga sem gildi almennt um samninginn. Þá sé ljóst af ákvæðinu að löggjafinn hafi viljað færa vaxtaákvörðun til lánveitanda að fimm árum liðnum

og ómögulegt fyrir löggjafann að tilgreina í bráðabirgðaákvæðinu með fullnægjandi hætti aðstæður hvers lánveitanda sem vaxtaendurskoðunarákvörðun kæmi til með að byggja á. Óháð því á hverju heimild til vaxtaendurskoðunar sé byggð verði skyldu til fullnægjandi upplýsinga í lánsamningi skv. ákvæðum laga nr. 121/1994 ekki vikið frá og hafi Frjálsa Fjárfestingarbankanum hf. því borið að veita fullnægjandi upplýsingar um þær aðstæður sem ráðið gátu endurskoðun vaxta við gerð veðskuldabréfsins þrátt fyrir að ákvæðið hafi byggt á bráðabirgðaákvæði X. laga nr. 38/2001. Mikilvægi þess að tilgreint sé við hvaða aðstæður vextir breytist megi berlega sjá í þessu máli þar sem kröfuhafaskipti verði á láninu og með þeim megi ætla að þau lán sem litið sé til við vaxtaendurskoðun séu önnur eftir kröfuhafaskiptin. Skipti því verulegu máli fyrir neytanda að tilgreint sé í lánsamningi við hvaða aðstæður vextir breytist.

22. Með vísan til framangreinds hafi kærandi brotið gegn ákvæðum 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með því að byggja vaxtaendurskoðun á samningsskilmálum sem tilgreini ekki við hvaða aðstæður vextir breytist. Með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994 sé kæranda bönnuð notkun vaxtaendurskoðunarákvæðisins í 3. gr. samningsskilmálans.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

23. Í kæru, dags. 14. ágúst 2018, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
24. Kærandi vísar í fyrsta lagi til þess að ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001 feli í sér sérákvæði sem mæli fyrir um leyfilegar vaxtabreytingar annars vegar og svo heimild til vaxtaendurskoðunar hins vegar, en ekki heimild til töku breytilegra vaxta sem lög nr. 121/1994 fylli. Í þessu samhengi vísar kærandi til þess að Hæstiréttur Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu að gengistrygging lánsamninga væri ólögmat vegna ákvæða laga nr. 38/2001, í dómum sem kveðnir voru upp 16. júní 2010. Í kjölfar þeirrar niðurstöðu Hæstaréttar Íslands, sem og dóms réttarins frá 16. september 2010 um vaxtareikning slíkra ólögmatra lána, hafi verið talið nauðsynlegt að setja lög til að bregðast við því ástandi sem dómarnir höfðu skapað. Hafi það verið gert með lögum nr. 151/2010 um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, lögum um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og lögum um umboðsmann skuldara.
25. Um ákvæðið segi eftirfarandi í athugasemdum við frumvarp til framangreindra laga nr. 151/2010: „Að fimm árum liðnum er miðað við að lánveitenda sé heimilt að endurskoða vaxtakjör miðað við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma. Á þessu fimm ára tímabili getur lántakandi greitt lánið upp án kostnaðar.“
26. Kærandi hafi því talið sér heimilt, fimm árum eftir útgáfu veðskuldabréfanna, að endurskoða vaxtakjör í samræmi við fyrrgreint lagaákvæði. Skuldara hafi verið tilkynnt um þessa vaxtaendurskoðun með bréfi, dags. 29. febrúar 2016. Í því bréfi hafi komið fram að frá og með 20. mars 2016 myndu skuldabréfin bera breytilega verðtryggða vexti Íbúðalána II sem hafi þá

verið 4,75%. Vakin sé athygli á því að enginn ágreiningur sé um að tilgreining á breytingu vaxta samkvæmt skilmálum slíkra lána hafi uppfyllt kröfur laga um neytendalán nr. 33/2013.

27. Af hálfu kæranda hafi verið litið svo á að í raun hafi engin heimild staðið til þess að setja fram skilmála um breytilega vexti í umdeild veðskuldabréf sem gefin voru út vegna laga nr. 151/2010, það er að segja ákvæði eins og finna megja í hefðbundnum lánnum með breytilegum vöxtum. Hefði kærandi sett fram slíka skilmála væri það mat bankans að neytendur hefðu auðveldlega getað gert ágreining um það, enda hefði ekkert legið fyrir um það á þessum tíma hvernig lánveitingar yrðu í boði hjá viðkomandi lánveitanda að fimm árum liðnum. Hvergi í lögskýringargögnum með lögum nr. 151/2010 væri vísað til þess að lánveitandi gæti mælt fyrir um þær aðstæður sem leiða myndu til breytingu vaxta að öðru leyti en kveðið væri á um lagatextanum sjálfum og sem ætti þá reyndar einungis við um fyrstu fimm árin eftir endurútreikning.
28. Einungis væri um það að ræða að kveðið væri á um breytilega vexti í 2. tölulið skilmálanna til samræmis við ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001. Miða skyldi vexti næstu fimm ára eftir endurútreikning við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum sem Seðlabanki Íslands ákvæði. Það væru hinir einu breytilegu vextir sem lög nr. 151/2010 heimiluðu. Eftir það væri samkvæmt lögnum heimilt að vaxtakjör yrðu endurskoðuð þannig að þau miðuðu við sambærilegar lánveitingar viðkomandi lánveitanda á þeim tíma þegar til endurskoðunar kæmi, en í þessu tilviki væri óumdeilt að hin sambærilega lánveiting væri Íbúðalán II. Hefði vaxtaendurskoðun kæranda þannig verið í nákvæmu samræmi við ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, og vandséð hvernig það gæti staðist að lánveitandi ákvarðaði vaxtaendurskoðun í skilmálum sínum með öðrum hætti, og það án þess að tilvísun til slíks kæmi fram í lögum nr. 38/2001 eða lögskýringargögnum með lögum nr. 151/2010.
29. Kærandi bendir á að ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001 um vaxtabreytingar og vaxtaendurskoðun sé sérákvæði að þessu leyti. Ekki sé um það að ræða að lög nr. 121/1994 geti komið til fyllingar þeim þannig að ákvæðum laga nr. 38/2001 sé, í reynd, rutt burtu. Þannig telji kærandi það ranga lögskýringu í ákvörðun Neytendastofu að óháð „því á hverju heimild til vaxtaendurskoðunar [sé] byggð verð[i] skylda til fullnægjandi upplýsinga í lánssamningi skv. ákvæðum laga nr. 121/1994 ekki vikið frá...“. Hið rétta sé að með því sérákvæði sem hér um ræði hafi löggjafinn gripið inn í heimildir lánveitanda samkvæmt lögum nr. 121/1994 til að kveða á um breytilega vexti í þeim lánnum sem skyldi endurreikna á grundvelli laga nr. 151/2010, þannig að þeir yrðu til samræmis við vaxtaákvæðanir Seðlabanka Íslands á fimm ára tímabili. Jafnframt sé mælt fyrir um einskiptis heimild til að endurskoða vaxtakjör að loknu því tímabili til samræmis við „sambærilegar lánveitingar...á þeim tíma er til endurskoðunar k[æmi]“, eins og orðrétt komi fram í lagatextanum. Orðskýring geti ekki leitt til þess að miða hafi átt við sambærilegar lánveitingar þegar endurútreikningur fór fram. Kærandi hefði ekki

mátt miða skilmála um vaxtakjör í veðskuldabréfunum við sambærilegar lánveitingar þegar veðskuldabréfin voru gefin út.

30. Í öðru lagi vísar kærandi til þess að dómur Hæstaréttar Íslands í máli nr. 623/2016 sé ekki fordæmi í þessu máli. Í dóminum hafi ekki reynt á ákvæði til bráðabirgða X í lögum nr. 38/2001. Í dómi Hæstaréttar Íslands hafi verið komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að það stæði í fyrrisögn skuldabréfs að það bæri fasta vexti hefði vegna ákvæða í 4. lið skilmála þess, um heimild lánveitanda til að endurskoða hæð vaxta, verið um að ræða skuld sem í raun hefði borið breytilega vexti í skilningi 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Hefði þess vegna átt að tilgreina í skuldabréfinu við hvaða aðstæður mætti beita þeirri heimild.
31. Slíkt eigi ekki við í þessu máli. Vaxtaendurskoðunarákvæðið í 3. tölulið skilmálanna feli ekki í sér sem slíkt að um sé að ræða skuld sem beri breytilega vexti í skilningi 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994. Enda sé kveðið á um breytilega vexti í 2. tölulið skilmálanna, sem líkt og vaxtaendurskoðunarákvæðið í 3. tölulið skilmálanna, sé tekið beint úr bráðabirgðaákvæði X í lögum nr. 38/2001.
32. Í þriðja lagi vísar kærandi til þess að reglur um túlkun samninga leiði til þeirrar niðurstöðu að fallast eigi á kröfu kæranda. Um túlkun samninga á sviði kröfuréttar gildi almennar túlkunarreglur samningaréttar. Fyrst beri að líta til hvað samningurinn segi, þ.e. hvað orð samningsins beri með sér. Vaxtaendurskoðunarákvæði umrædds lánsamnings sé skýrt og í samræmi við lög. Almennur neytandi geti af lestri þess skilið að fimm árum eftir endurútreikning geti lánveitandi endurskoðað vexti lánsins og ákveðið vaxtakjör miðað við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma.
33. Þegar samningsákvæði séu túlkuð á sviði kröfuréttar sé jafnframt leitast við að finna niðurstöðu sem sé sanngjörn og eðlileg í garð beggja, þegar litið sé til allra aðstæðna og atvika í réttarsambandi þeirra. Ljóst sé að skuldarinn hafi samið um að vaxtakjör yrðu endurskoðuð til samræmis við sambærilegar lánveitingar að fimm árum liðnum frá endurútreikningi og að lagaheimild hafi staðið til þess. Kærandi byggir á að það geti ekki talist sanngjörn niðurstaða og eðlileg í garð beggja aðila að líta fram hjá því ákvæði og bendi á að alls óljóst sé hver vaxtakjörin eigi þá að vera.
34. Með bréfi, dags. 22. ágúst 2018, óskaði áfrýjunarnefndin eftir afstöðu Neytendastofu til kærunnar. Svar barst með greinargerð, dags. 5. september 2018, þar sem áréttuð eru þau sjónarmið sem fram komu í hinni kærðu ákvörðun og þess krafist að hún verði staðfest.
35. Með bréfi, dags. 26. september 2018, var kæranda gefinn kostur á að gera athugasemdir við greinargerð Neytendastofu. Svar barst með bréfi, dags. 9. október. 2018. Auk þess að áréttuð fyrri sjónarmið bendir kærandi á að það geti ekki verið umdeilanlegt að ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001, sbr. lög nr. 151/2010, sé sérákvæði sem þar af leiðandi gangi frammar lögum um neytendalán. Leiði það af tilefni og efni þess ákvæðis laga nr. 38/2001 sem

um ræði. Þannig sé það hugtaksatriði að sérlög, eða sérákvæði í þessu tilvikum, fjalli sérstaklega um tiltekið og afmarkað efni, andstætt almennum lögum. Þá sé rétt að taka fram að engu breyti að einungis sé um heimild til vaxtabreytinga að ræða en ekki skyldu. Alveg óháð því þá hafi einungis verið unnt að nýta þá heimild í samræmi við þau takmörk og fyrirmæli sem ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001 hafi að geyma. Kærandi hafi litið svo á að engin heimild hafi staðið til þess að setja fram skilmála um breytilega vexti í umdeild veðskuldabréf sem gefin voru út vegna laga nr. 151/2010, það er að segja ákvæði eins og finna megi í hefðbundnum lánnum með breytilegum vöxtum. Ekkert hafi legið fyrir um það á þessum tíma, þegar veðskuldabréfin voru gefin út, hvernig lánveitingar yrðu í boði hjá viðkomandi lánveitanda að fimm árum liðnum. Löggjöfin sé skýr um að þar sé mælt fyrir um einskiptisheimild til að endurskoða vaxtakjör að loknu því tímabili til samræmi við „sambærilegar lánveitingar ... á þeim tíma er til endurskoðunar [kæmi]“. Orðskýring geti ekki leitt til þess að miða hafi átt við sambærilegar lánveitingar sem voru til staðar þegar endurútreikningurinn fór fram. Kærandi hafi þannig aldrei mátt miða skilmála um vaxtakjör í veðskuldabréfum við sambærilegar lánveitingar þegar veðskuldabréfin voru gefin út.

NIÐURSTAÐA

36. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu frá 25. júlí 2018 um að kærandi hafi brotið gegn 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994 um neytendalán með því að byggja vaxtaendurskoðun neytendaláns á samningsskilmálum sem tilgreindu ekki við hvaða aðstæður vextir breyttust. Þá var kæranda bannað að nota vaxtaendurskoðunarákvæðið með vísan til 26. gr. laga nr. 121/1994.
37. Fyrir liggur í málinu að kærandi mun þann 29. febrúar 2016 hafa tilkynnt ónafngreindum viðskiptavini bankans að komið væri að endurskoðun vaxta af láni viðkomandi hjá bankanum. Lánið hafði verið veitt á grundvelli skilmála veðskuldabréfs útgefna á árinu 2011 af viðkomandi lántaka til handa Frjálsa fjárfestingabankanum hf. með veðrétti í tilgreindri fasteign. Eins og rakið er í hinni kærðu ákvörðun hafði veðskuldabréfið verið framselt til kæranda þegar framangreind tilkynning var send hinum ónafngreinda viðskiptavini bankans.
38. Af hálfu kæranda er fram komið að skuldabréfið var gefið út í kjölfar endurútreiknings eldra láns sem var framkvæmdur á grundvelli ákvæðis X. til bráðabirgða laga nr. 38/2001. Í því ákvæði er fjallað um endurútreikning lánsamninga vegna kaupa á húsnæði í þeim tilvikum þar sem slíkir samningar mæltu fyrir um að lánsfjárhæð væri greidd út í íslenskum krónum, eða fólu í sér umbreytingu úr erlendum myntum, en þar sem endurgreiðsla skuldarinnar miðaðist að einhverju leyti við gengi erlendra gjaldmiðla. Umrætt ákvæði var lögleitt árið 2010 í kjölfar hæstaréttardóma þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að svokölluð gengistrygging lána í íslenskum krónum bryti gegn ákvæðum laganna.
39. Þegar veðskuldabréf það er mál þetta lýtur að var gefið út giltu enn lög nr. 121/1994 um neytendalán en þau lög voru síðar leyst af hólmi af nügildandi lögum nr. 33/2013 um sama efni.

Í hinni kærðu ákvörðun er meðal annars vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 er laut að úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála frá 19. júní 2015 (20/2014). Í umræddum úrskurði er vísað til eldri úrskurðar áfrýjunarnefndarinnar frá 25. september 2009 (6/2009). Það leiðir af framangreindum dómi Hæstaréttar Íslands að þrátt fyrir ófullkomin ákvæði laga nr. 33/2013 um lagaskil getur Neytendastofa á grundvelli þeirra laga haft eftirlit með því hvort upplýsingaskyldu samkvæmt lögum nr. 121/1994 hafi verið fullnægt vegna lánveitinga í tíð eldri laganna. Er þetta óumdeilt í því máli sem hér er til skoðunar.

40. Tilkynning kæranda til hins ónefnda lántaka er mál þetta lýtur að var reist á 3. gr. skilmála skuldabréfsins. Þar er mælt fyrir um að á gjalddaga lánsins þann 20. mars 2016 sé skuldareiganda heimilt að endurskoða vexti á skuldinni og ákveða vaxtakjör sem miðist við sambærilegar lánveitingar skuldareiganda á þeim tíma. Eigi síðar en 30 dögum fyrir umræddan gjalddaga skuli skuldareigandi tilkynna skuldara um breytingu á vöxtum. Vilji skuldari ekki sæta breytingu vaxtakjara sé honum heimilt á framangreindum gjalddaga að greiða skuldina upp ásamt áföllnum vöxtum eins og þeir voru fram að breytingunni, verðbótum og öllum kostnaði. Ekki skuli greiða sérstaka þóknun vegna uppgreiðslu samkvæmt ákvæðinu. Með hinni kærðu ákvörðun komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að beiting þessa ákvæðis bryti í bága við 6. og 9. gr. laga nr. 121/1994, enda tilgreindu skilmálar veðskuldabréfsins ekki við hvaða aðstæður vextir skyldu breytast.
41. Í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 121/1994 segir eftirfarandi: „Ef breyta má lánskostnaði, afborgunum eða öðrum atriðum lánskjara á samningstímanum skal lánveitandi greina neytanda frá því við hvaða aðstæður breytingarnar geta orðið. Ef ekki er unnt að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar skal lánveitandi þess í stað skýra neytanda frá því hverjir vextir eru, hvaða gjöld falla á lánið og við hvaða aðstæður breytingar geti orðið.“
42. Þá segir eftirfarandi í 9. gr. sömu laga. „Þó að í lögum þessum sé kveðið á um að neytandi skuli fá upplýsingar um vexti eða fjárhæðir þar sem vextir eru meðtaldir, sbr. 6. gr., kemur það ekki í veg fyrir að aðilar geti samið um að vextir séu að nokkru eða öllu leyti breytilegir. Skal þá greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, tilgreint skal með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.“
43. Í dómi Hæstaréttar Íslands frá 12. október 2017 í máli nr. 623/2016 var komist að þeirri niðurstöðu að áskilnaði framangreindra lagaákvæða yrði ekki fullnægt með því að taka aðeins fram í lánssamningi að lánveitandi gæti einhliða ákveðið að breyta hæð vaxta, að það mætti ekki gera fyrr en fimm árum eftir útgáfu skuldabréfsins og síðan aftur á fimm ára fresti og að honum bæri að tilkynna lántaka um slíka breytingu með eins mánaðar fyrirvara. Vísaði Hæstiréttur til þess að slíkt ákvæði sneri aðeins að aðferð til að hrinda í framkvæmd breytingu á vöxtum, en ekki tilefninu til að taka ákvörðun um hana.
44. Í úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála frá 25. september 2009 (6/2009) reyndi á ákvæði um breytilega vexti lánssamnings þar sem lánveitanda var veitt heimild til að endurskoða vextina á

þriggja mánaða fresti til samræmis við þá vexti sem giltu gagnvart nýjum sambærilegum eða hliðstæðum lánnum. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að umrætt orðalag 9. gr. laganna skyldi túlkað þannig að lánveitanda væri skylt að upplýsa lántaka um allar breytur sem áhrif hefðu til hækkunar eða lækkunar á hlutfalli breytilegra vaxta lánsammans. Ekki skipti máli í því samhengi hvort einhver eða einhverjar af þeim breytum væru þess eðlis að lántaki gæti ekki aflað sér upplýsinga um breytingar á þeim. Taldi nefndin að vaxtaákvæði viðkomandi lánsammans veitti ekki neina leiðbeiningu um það hvaða aðstæður gætu leitt til breytinga á vöxtum lánsins. Yrði að gera þá kröfu til lánveitanda að hann tilgreindi, þannig að ekki væri neinum vafa undirorpið, hverjar þessar aðstæður væru svo lántaki gæti með fullnægjandi hætti gert sér grein fyrir hvernig vextirnir væru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breyttust. Í úrskurðinum kom meðal annars fram að viðkomandi lánveitandi hefði ekki gefið upp að öllu leyti við meðferð þess hvaða atriði það væru sem hefðu haft áhrif á hina umdeilda vaxtaákvörðun. Með vísan til þessa var lánveitandanum bannað að beita vaxtaendurskoðunarákvæði sammansins.

45. Kærandi telur að sú upplýsingaskylda sem leiði af 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 hafi ekki hvílt á lánveitanda hins umdeilda veðskuldabréfs og af þeim sökum hafi kæranda verið heimilt að endurskoða vexti lánsins í samræmi við orðalag 3. gr. skilmála skuldabréfsins. Vísar kærandi til þess að skilmálarnir hafi að þessu leyti samræmst ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001.
46. Sem fyrr segir er í umræddu ákvæði mælt fyrir um hvernig framkvæma skyldi uppgjör vegna neytendalána vegna kaupa á húsnæði og fólu í sér tengingu lánsfjárhæðar við gengi erlendra gjaldmiðla. Í samræmi við ákvæðið munu vextir hins umdeilda veðskuldabréfs hafa verið breytilegir almennir vextir verðtryggðra útlána í samræmi við vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands. Í ákvæði X. til bráðabirgða var síðan á eftirfarandi hátt mælt fyrir um það hvað tæki við um vexti af láninu: „Að liðnum fimm árum skulu vaxtakjör endurskoðuð og er þá lánveitanda heimilt að ákveða vaxtakjör sem miðast við sambærilegar lánveitingar hans á þeim tíma er til endurskoðunar kemur.“
47. Af ákvæði X. til bráðabirgða við lög nr. 38/2001 leiðir að sérstök lagaheimild lá til grundvallar ákvæði hins umdeilda veðskuldabréfs um ákvörðun vaxta að fimm árum liðnum frá útgáfu bréfsins, enda mælti bráðabirgðaákvæðið fyrir um heimild lánveitanda til að endurskoða vaxtakjörin miðað við sambærilegar lánveitingar. Af túlkun áfrýjunarnefndarinnar í úrskurði frá 25. september 2009 (6/2009) á 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 leiðir að lánveitendum var í gildistíð þeirra laga trauðla unnt samkvæmt þessum ákvæðum að mæla á þann hátt fyrir um endurskoðun vaxta lánsammans svo sem mælt er fyrir um í ákvæði X. til bráðabirgða við lög nr. 38/2001, enda illmögulegt á þeim tíma þegar lán var veitt að sjá fyrir allar þær mögulegu aðstæður sem gátu haft áhrif á sambærilegar lánveitingar í framtíðinni. Ekki er að hægt að leggja til grundvallar að í bráðabirgðaákvæðinu hafi aðeins falist sá vilji löggjafans að færa vaxtaákvörðun til lánveitanda að fimm árum liðnum, en ekki að heimilt væri

að vextirnir skyldu miðast við nýjar lánveitingar lánveitanda, enda orðalag ákvæðis X. til bráðabirgða laga nr. 38/2001 skýrt. Þá gefa lögskýringargögn ekki tilefni til að frá orðalagi ákvæðisins sé vikið.

48. Að þessu leyttinu til stangast á annars vegar þær kröfur sem gerðar verða til vaxtaendurskoðunar lánveitanda og leiða af 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 og hins vegar ákvæði X. til bráðabirgða í lögum nr. 38/2001 sem mælti sérstaklega fyrir um það hvernig heimilt væri að háttta vaxtaendurskoðun í tilvikum sem þeim sem fjallað er um í máli þessu. Verður af þessum sökum í þessu tilviki að skýra upplýsingaskyldu 2. mgr. 6. gr. og 9. gr. laga nr. 121/1994 með hliðsjón af heimild kæranda samkvæmt bráðabirgðaákvæði X við lög nr. 38/2001. Í ljósi þessa telur áfrýjunarnefndin að lánveitanda samkvæmt veðskuldabréfinu hafi nægt að greina lántaka frá lögmælti heimild sinni til að ákveða vaxtakjör sem miðuðust við sambærilegar lánveitingar hans að liðnum fimm árum frá útgáfudegi veðskuldabréfsins. Í 3. gr. veðskuldabréfsins var lántaki upplýstur um þetta og verður því talið að ekki hafi verið tilefni til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í hinni kærðu ákvörðun.
49. Með vísan til alls framangreinds verður hin kærða ákvörðun felld úr gildi.

ÚRSKURÐARORÐ:

Hin kærða ákvörðun er felld úr gildi.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Eiríkur Haukur Hauksson

Gunnar Páll Baldvinsson